

Anna Lísu Guðmundsdóttir

Fornleifaskráning Landspítalalóðar



Reykjavík 2011

Minjasafn Reykjavíkur
Skýrsla nr. 155

Fornleifaskráning Landspítalalóðar

Anna Lís Guðmundsdóttir

Reykjavík 2011

Minjasafn Reykjavíkur

Skýrsla nr. 155

Ljósmynd á forsíðu, Ljósmyndasafn Reykjavíkur KAN 002 112 1.

Ljósmyndari: Karl Christian Nielsen.

Skýrslur Minjasafns Reykjavíkur.

Ábyrgðarmaður Guðný Gerður Gunnarsdóttir, borgarminjavörður.

© Minjasafn Reykjavíkur. Anna Lía Guðmundsdóttir.

Minjasafn Reykjavíkur.

Skýrsla nr. 155.

Reykjavík 2011.

Öll réttindi áskilin.

Efnisyfirlit

1. Inngangur.....	1
2. Almennt um verndun fornleifa og tilgang skráningar	2
3. Fornleifaskráning	4
4. Saga og minjar.....	5
5. Fornleifaskrá svæðisins	9
Reykjavík 181285 5 - 101	9
Reykjavík 181285 5 - 102	9
Reykjavík 181285 5 - 105	9
Reykjavík 181285 5 - 124	10
Reykjavík 181285 5 - 213	10
Reykjavík 181285 5 - 249	10
Reykjavík 181285 5 - 250	11
Reykjavík 181285 5 - 251	11
6. Niðurstöður og mat.....	12
7. Heimildaskrá	14
Vefsíður	14

Myndaskrá

Mynd 1. Jarðamörk lögbýla árið 1703.	1
Mynd 2. Afmörkun úttektarsvæðis.	2
Mynd 3. Hluti af korti Benedikts Gröndal frá 1887	5
Mynd 4. Uppdráttur frá 1913-1915 eftir Ólaf Þorsteinsson.....	6
Mynd 5. Uppdráttur frá 1913-1915 eftir Ólaf Þorsteinsson.....	6
Mynd 6. Korti Ólafs Þorsteinssonar varpað yfir grunn af svæðinu úr LUKR .	7
Mynd 7. Pólarnir, Kálfakot og Reykholt við Laufásveg.....	7
Mynd 8. Landspítalinn 1940-1945.....	8
Mynd 9. Skráðar fornleifar á Landspítalalóð.	8
Mynd 10. Býlið Grænaborg á lóð Landspítala, afmörkun verndarsvæða. ...	13

1. Inngangur

Skýrsla þessi er unnin að beiðni Skipulags- og byggingarsviðs Reykjavíkurborgar í samræmi við þjóðminjalög ¹. Hún inniheldur upplýsingar um fornleifar og aðrar menningarminjar á framkvæmdarsvæðinu, lóð Landspítalans í Reykjavík, og nágrenni þess. Framkvæmdarsvæðið nær yfir hluta af gömlu Reykjavíkurbjörðinni, sjá mynd 1.




Mynd 1. Jarðarmörk lögbýla árið 1703.²

Fornleifar sem tilheyra þessu svæði voru að hluta til skráðar vegna færslu Hringbrautar árið 2004, en aðrar minjar hafa verið skráðar samhliða þessari úttekt og hafa þær upplýsingar ekki birst áður.

¹ <http://www.althingi.is/lagas/nuna/2001107.html>.

² Einar S. Arnalds, 1989. *Reykjavík. Sögustaður við Sund*, 4. bindi, 6.

Í lok skýrslunnar eru dregnar saman niðurstöður og gerð áætlun um rannsóknir og verndun fornleifa og annarra menningarminja á svæðinu.



Mynd 2. Afmörkun úttektarsvæðis.³

2. Almennt um verndun fornleifa og tilgang skráningar

Í Þjóðminjalögum⁴ kemur fram að skylt sé að skrá fornleifar á skipulagsskyldum svæðum áður en gengið er frá skipulagi eða endurskoðun þess. Tilgangur þjóðminjalaganna er að stuðla að verndun menningarsögulegra minja og tryggja að íslenskur menningararfur flytjist óspilltur til komandi kynslóða. Meðal þess sem telst til menningararfsins eru fornleifar sem í 9. grein þjóðminjalaga eru skilgreindar þannig:

Til fornleifa teljast hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:

³ Grunnur myndarinnar er fenginn úr Landsupplýsingakerfi Reykjavíkurborgar (LUKR).

⁴ Þjóðminjalög 107/2001, <http://www.althingi.is/lagas/nuna/2001107.html>.

- a. búsetulandslag, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum og öskuhaugum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænahúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum.
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri.
- c. gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita.
- d. gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra.
- e. virki og skansar og önnur varnarmannvirki.
- f. gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð.
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum.
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið.
- i. skipsflök eða hlutar úr þeim.

Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er að friðlýsa yngri minjar, sbr. 11. gr.

Samkvæmt lögum eru allar fornleifar friðhelgar og verndaðar gegn hvers kyns raski. Í 10. grein laganna segir:

Fornleifum má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi né nokkur annar, spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja nema með leyfi Fornleifaverndar ríkisins.

Þetta á við um allar fornleifar, þekktar sem óþekktar, sbr. 13. grein:

Nú finnast fornleifar sem áður voru ókunnar og skal finnandi þá skýra Fornleifavernd ríkisins frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn. Ef fornleifar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd uns fengin er ákvörðun Fornleifaverndar ríkisins um hvort verkið megi fram halda og með hvaða skilmálum.

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að koma í veg fyrir að fornleifar verði fyrir raski eða skemmdum að nauðsynjalausu. Það er einnig hagur þeirra sem stýra framkvæmdum að hafa yfirlit yfir fornleifar á tilteknum svæðum. Þannig má minnka líkurnar á að óvænt finnist fornleifar á svæðinu sem nauðsynlega verður að rannsaka. Björgunaruppgröftur sem unninn er vegna framkvæmda og undir þrýstingi frá framkvæmdaraðilum er heldur ekki æskilegur frá sjónarmiði fornleifafræðinnar. Fornleifa-skráning sameinar því hagsmuni fræðigreinarinnar og þeirra sem standa að

framkvæmdum.⁵ Almennt er æskilegast að framkvæmdum sé beint frá minjastöðum, því að þeir sem standa fyrir meiriháttar framkvæmdum bera kostnað af fornleifarannsóknum sem nauðsynlegar reynast þeirra vegna, sbr. 14. grein þjóðminjalaga:

Nú telur landeigandi, ábúandi eða einhver annar, þar á meðal sá sem stjórnar opinberum framkvæmdum, að hann þurfi að gera jarðrask, svo sem vegna vegagerðar, veitulagnar, framræslu eða skógræktar, er haggð geti við fornleifum og skal hann þá skýra Fornleifavernd ríkisins frá því áður en hafist er handa við verkið. Lýst skal nákvæmlega breytingum þeim er af framkvæmd mundi leiða. Fornleifavernd ríkisins ákveður hvort og hvenær framkvæmd megi hefja og með hvaða skilmálum. Við allar meiri háttar framkvæmdir, svo sem vegagerð, virkjanaframkvæmdir, flugvallargerð, veitulagnir og skógrækt, skal sá sem fyrir þeim stendur bera kostnað af nauðsynlegum rannsóknum.

Í skýrslu þessari er tekin saman skrá yfir þá staði sem geyma fornleifar og aðrar yngri menningarminjar á Landspítalalóð í Reykjavík.

3. Fornleifaskráning

Við fornleifaskráningu var rýnt í örnefnaskrár, kort og aðrar ritaðar heimildir, auk þess sem svæðið var skoðað. Tíndir eru til þeir staðir sem hugsanlega hafa að geyma minjar.

Fornleifarnar eru skráðar í skráningarkerfið Sarp. Kerfið byggir á því að fornleifar eru skráðar eftir jörðum, eins og jarðaskipting var um 1835 til 1845. Fornleifarnar fá þrískipt númer. Í fyrsta lagi landsnúmer sem Fasteignaskrá úthlutar. Næst kemur númer jarðarinnar samkvæmt Jarðabók Johnsens frá 1847. Þriðja talan er síðan hlaupandi tala innan jarðarinnar. Við skráningu þessa svæðis lenda minjar innan jarðarinnar Reykjavíkur 181285 5.

Við fornleifaskráningu er tegundum og hlutverki minja lýst. Ef minjar finnast ekki á yfirborði eru þær skráðar sem „**heimild**“. Á þeim stöðum eru líkur á því að minjar sé enn að finna í jörðu. Í lokin er vísað í þær heimildir sem hafa gefið tilefni til skráningar fornleifa.

Við skráningu fornleifa á svæðinu er aðallega notast við gömul kort og loftmyndir. Þeim kortum er síðan varpað á kort af núverandi skipulagi sem tekið er úr Landsupplýsingakerfi Reykjavíkurborgar (LUKR). Fornleifar eru

⁵ Ragnheiður Traustadóttir 2000, *Fornleifaskráning á Miðnesheiði*, 8.

síðan staðsettar og lýsing staðsetningar kemur fram undir „**staðhættir og lýsing**“. Að lokum eru þær hnitsettar í kerfinu ISN 93 sem punktur.⁶

4. Saga og minjar

Svæðið sem um ræðir nær yfir lítinn hluta af jörðinni Reykjavík. Um 1887 er byggðin í Reykjavík lítið farin að færa sig austur. Kort Benedikts Gröndal frá því ári sýnir að nokkur býli voru austur af Tjörninni og var Grænaborg þar austast, sjá mynd 3. Suður af Grænuborg var síðan Vatnsmýrin. Vegaslóðar lágu upp Skólavörðustíginn að Skólavörðunni og suðaustur að Öskjuhlíð. Annar slóði lá upp Skólavörðuholtið og yfir það að hluta og að Grænuborg. Þriðji stígurinn lá frá suðausturhluta Tjarnarinnar austur úr bænum að Öskjuhlíð.



Mynd 3. Hluti af korti Benedikts Gröndal frá 1887 sem sýnir Skólavörðuholtið. Vestast sér í Tjörnina.⁷

Á korti frá 1915-1918 má sjá að byggðin hefur þanist út og færst enn austar. Laufásvegur liggur austur fyrir Eskihlíð og við hann eru risin Gróðrarstöðin (Laufásvegur 74) og Kennaraskólinn. Auk þess er

⁶ Borgarvefsjáin, <http://borgarvefsja.is/website/bvs/>.

⁷ Kort Benedikts Gröndal, 1887.

Aldamótagarðurinn afmarkaður. Austur af Grænuborg við Laufásveginn voru Pólarnir, Suðurpóll 1-4 (b. 1916-1918), íbúðahúsnæði sem var ætlað til bráðabirgða. Hringbrautin varð síðar að Snorrabraut sem liggur norður-suður. Þar syðst var Hafnarsmiðjan, aðstaða járnbrautanna við hafnargerðina, sjá mynd 4.




Mynd 4. Uppdráttur frá 1913-1915 eftir Ólaf Þorsteinsson. Á miðri mynd má sjá Grænuborg og Laufásveg frá vestri til austurs, sem síðar verður Vatnsmýravegur að hluta.⁸



Mynd 5. Laufásvegurinn eftir miðri mynd frá vestri til austurs, Gróðastöðin, Kennaraskólinn, Aldamótagarðurinn, Grænaborg og Pólarnir við Laufásveg.⁹

⁸ Reykjavík kaupstaður, BL. 2. 1:2000. Kort gert eftir mælingum Ólafs Þorsteinssonar 1915-1918. Teiknað af G. V. Aaderup.



Mynd 6. Korti Ólafs Þorsteinssonar varpað yfir grunn af svæðinu úr LUKR, blá lína afmarkar úttektasvæðið.

Landspítalinn var byggður í túni Grænuborgar á árunum 1925-1930. Alexandrine drottning lagði hornstein að byggingunni árið 1926 þegar dönsku konungshjónin voru hér í heimsókn.¹⁰



Mynd 7. Pólarnir, Kálfakot og Reykholt við Laufásveg/Vatnsmýraveg, Öskjuhlíð í baksýn.¹¹

⁹ Reykjavík kaupstaður, BL. 2. 1:2000. Kort gert eftir mælingum Ólafs Þorsteinssonar 1915-1918. Teiknað af G. V. Aaderup.

¹⁰ Páll Línal, 1987. *Reykjavík. Sögustaður við Sund*. 2. bindi, 112.

¹¹ Ljósmyndasafn Reykjavíkur, KAN ÁBS 5048., Ljósmyndari: Karl Christian Nielsen.



Mynd 8. Landspítalinn 1940-1945.¹²



Mynd 9. Skráðar fornleifar á Landspítalalóð.¹³

¹² Ljósmyndasafn Reykjavíkur KAN 002 112 1. Ljósmyndari: Karl Christian Nielsen.

¹³ Loftljósmynd af svæðinu frá 2010 úr LUKR.

5. Fornleifaskrá svæðisins

Reykjavík 181285 5 - 101

Hlutverk: Mógröf

Tegund: Heimild

Ástand: Ómetið

Horfin: Já

Staðhættir: Á uppdrætti Sveins Sveinssonar búfræðings af bæjarlandinu 1887 eru sýndar um 60 mógrafir í Vatnsmýrinni. Mógrafirnar hafa flestar verið norðan flugbrautar 02-20 og milli hennar og Umferðarmiðstöðvar.¹⁴

Lýsing: Nú eru merki um mógrafirnar horfin vegna framkvæmda og sléttunnar.

Reykjavík 181285 5 - 102

Hlutverk: Vegur

Tegund: Heimild

Ástand: Ómetið

Horfin: Já

Staðhættir: Um 1860 lét Daníel Bernhöft bakari gera akfæran veg upp úr austanverðri Vatnsmýri til að auðvelda flutning á mó þaðan. Á uppdrætti Sveins Sveinssonar búfræðings af

¹⁴ Uppdráttur Sveins Sveinssonar 1887. Birna Gunnarsóttir, 1996. „Skýrsla um menningarminjar í landi Reykjavíkur-flugvallar“, 2.

bæjarlandinu 1887 sést að vegurinn hefur verið austan við norðurenda flugbrautar 02-20.¹⁵

Lýsing: Vegurinn sést ekki lengur vegna sléttunar.

Reykjavík 181285 5 - 105

Sérheiti: Aldamótagarðar

Hlutverk: Garðrækt

Tegund: Heimild

Ástand: Ómetið

Horfin: Já

Staðhættir: Um aldamótin 1900 var stofnuð Gróðrarstöðin við Hringbraut. Sunnan við Gróðrarstöðina voru skipulagðir svo-nefndir Aldamótagarðar en það eru líklega fyrstu garðlönd sem Reykvíkingar gátu fengið leigð til matjurtarræktar. Garðlönd þessi voru nokkuð austan við Umferðarmiðstöðina, en beint suður af húsi Fæðingardeildar Landspítalans.¹⁶

¹⁵ Uppdráttur Sveins Sveinssonar 1887. Birna Gunnarsóttir, 1996. „Skýrsla um menningarminjar í landi Reykjavíkur-flugvallar“, 2. Þórbergur Þórðarson, 1935. „Lifnaðarhættir í Reykjavík á síðari helmingi 19. aldar“, 159.

¹⁶ Páll Línal, 1986. *Reykjavík. Sögustaður við Sund*. 1. bindi, 182. Reykjavík kaupstaður, 2. 1:2000. Kort gert eftir mælingum Ólafs

Lýsing: Garðarnir eru horfnir.

Reykjavík 181285 5 - 124

Sérheiti: Grænaborg

Hlutverk: Býli

Tegund: Heimild

Aldur: 1830-1918

Ástand: Ómetið

Horfin: Já, að hluta

Staðhættir: Grænaborg var suðvestur af Gamla Landspítala þar sem nú er garður. Grænaborg var tómthúsbyli sem Gísli Gíslason og Sigríður Hinriksdóttir byggðu um 1830.¹⁷ Síðar var barnaheimili með sama nafni byggt í túnjaðrinum.

Lýsing: Grænaborg er horfin en á korti frá 1887 eru þetta tvö hús um 8 x 6 m að stærð hvort. Þetta hefur væntanlega verið burstabær.¹⁸

Reykjavík 181285 5 - 213

Sérheiti: Pólarnir/

Suðurpóll/Kálfakot

Hlutverk: Íbúðahverfi

Tegund: Heimild

Aldur: 1916-1960

Þorsteinssonar 1915-1918. Teiknað af G. V. Aaderup.

¹⁷ Páll Línal, 1986. *Reykjavík. Sögustaður við Sund*. 1. bindi, 182.

¹⁸ Páll Línal, 1986. *Reykjavík. Sögustaður við Sund*. 1. bindi, 182. Reykjavík kaupstaður, BL. 2. 1:2000. Kort gert eftir mælingum Ólafs Þorsteinssonar 1915-1918. Teiknað af G. V. Aaderup.

Ástand: Ómetið

Horfin: Já

Staðhættir: Á árunum 1916-1918 voru reist þrjú timburhús við Laufásveg og mjög lítið til þeirra vandað. Í þeim voru 46 íbúðir, flestar eitt herbergi og eldhús. Norðan við þessar byggingar var reist lítið hús með tveimur íbúðum, nefnt Kálfakot. Þrengslin hljóta að hafa verið gífurleg. Árið 1925 bjuggu þarna á þriðja hundrað manns.¹⁹

Lýsing: Nokkur timburhús, sum tvílyft.

Reykjavík 181285 5 - 249

Sérheiti: Grænaborg

Hlutverk: Barnaheimili

Tegund: Heimild

Aldur: 1931-1982

Ástand: Ómetið

Staðhættir: Bæjarstjórn

Reykjavíkur lét barnavinafélagið Sumargjöf fá 3,5ha landspildu til afnota fyrir barnaheimili. Lóðin var sunnan Landspítala og ofan Laufásvegar.

Lýsing: Hús var byggt á lóðinni og var það fyrsta heimili félagsins og hlaut nafnið Grænaborg. Það var snotur og vistleg bygging með stórum borðsal. Á tímabili var

¹⁹ Páll Línal, 1987. *Reykjavík. Sögustaður við Sund*. 2 bindi, 1986.

þar skóli Ísaks Jónssonar auk
Æfingardeildar Kennaraskólans.
Húsið var rifið 1981.²⁰

Lýsing: Húsið var um 7 x 9 m, á
korti frá 1913, ekkert er vitað um
þetta hús.

Reykjavík 181285 5 - 250

Hlutverk: Hús

Tegund: Heimild

Aldur: 1913

Lengd: 6,6 m

Breidd: 11 m

Ástand: Ómetið

Staðhættir: Hús staðsett þar sem
nú er Hringbraut, var áður í eða
við Aldamótagarðana.²¹

Lýsing: Húsið var um 11 x 6,6 m
að stærð, samkvæmt korti frá
1913. Ekkert er vitað um þetta
hús.

Reykjavík 181285 5 - 251

Hlutverk: Hús

Tegund: Heimild

Aldur: 1913

Lengd: 7 m

Breidd: 9 m

Ástand: Ómetið

Staðhættir: Hús staðsett þar sem
nú er Hringbraut, var áður í eða
við Aldamótagarðana.²²

²⁰ *Vísir*, 1. ágúst 1931, 3.

²¹ Reykjavík kaupstaður, BL. 2. 1:2000. Kort
gert eftir mælingum Ólafs Þorsteinssonar
1915-1918. Teiknað af G. V. Aaderup.

²² Reykjavík kaupstaður, BL. 2. 1:2000. Kort
gert eftir mælingum Ólafs Þorsteinssonar
1915-1918. Teiknað af G. V. Aaderup.

6. Niðurstöður og mat

Skráðir voru níu minjastaðir við þessa úttekt. Teljast átta til fornleifa (um 100 ára eða eldri). Einkenni svæðisins út frá sögu og minjum eru tengsl við búsetu og garðrækt.

Tafla 1. Fornleifar á framkvæmdarsvæðinu

Nr.				Staðs.	Staðs.			
fornleifa	Staður	Hlutverk	Tegund	ISN 93 X	ISN 93 Y	Aldur	Hættuorsök	Mótvægisáðgerðir
5-101	Reykjavík	Mógröf	Heimild	357021,1	407236,0	1887	Framkvæmdir	Engar
5-102	Reykjavík	Vegur	Heimild	357216,0	407094,1	1887	Framkvæmdir	Engar
5-105	Reykjavík	Garðrækt	Heimild	357359,9	407141,1	1900	Framkvæmdir	Engar
5-213	Reykjavík	Íbúðar- hverfi	Heimild	357628,0	406977,0	1916	Framkvæmdir	Engar
5-124	Reykjavík	Býli	Heimild	357466,4	407208,0	1830	Framkvæmdir	Rannsókn
5-124	Reykjavík	Býli	Heimild	357456,8	407232,6	1830	Framkvæmdir	Rannsókn
5-249	Reykjavík	Barna- heimili	Heimild	357640,0	407154,8	1931	Framkvæmdir	Engar
5-250	Reykjavík	Hús	Heimild	357326,7	407193,4	1913	Framkvæmdir	Engar
5-251	Reykjavík	Hús	Heimild	357264,1	407243,7	1913	Framkvæmdir	Engar

Samkvæmt þessari skráningu eru nokkrar fornleifar innan eða í nálægð við framkvæmdarsvæðið, sjá töflu 1. Engar kvaðir eru settar á þær minjar sem eru að líkindum horfnar vegna jarðrasks. Hins vegar er lagt er til að býlið Grænaborg 5-124 verði rannsakað áður en til framkvæmda kemur vegna húsbygginga, eða að framkvæmdir verði færðar frá þessu svæði. Líklegt er að fornleifar séu þar enn í jörðu, sjá mynd 9.



Mynd 10. Býlið Grænaborg á lóð Landspítala, afmörkun verndarsvæða.

7. Heimildaskrá

Birna Gunnarsóttir. *Skýrsla um menningarminjar í landi Reykjavíkurflugvallar*.
Fornleifastofnun Íslands FS-24-96051.

Einar S. Arnalds. *Reykjavík . Sögustaður við Sund*. 4. bindi - Lykilbók. Reykjavík 1989.

Herforingjaráðskort. Generalstabens topografiske Afdeling. København 1909.

Páll Líndal. *Reykjavík. Sögustaður við Sund*. 1.- 2. bindi. Reykjavík 1987 og 1991.

Páll V. Bjarnason og Helga Maureen Gylfadóttir. *Húsakönnun – Valssvæði og umhverfi, Hringbraut - Bústaðavegur - Flugvallavegur - Hlíðafótur*. Skýrsla 96. Minjasafn Reykjavíkur 2002.

Ragnheiður Traustadóttir, *Fornleifaskráning á Miðnesheiði*. Þjóðminjasafn Íslands, Garðabær 2000.

Reykjavík kaupstaður, BL. 2. 1:2000. Kort gert eftir mælingum Ólafs Þorsteinssonar 1915-1918. Teiknað af G. V. Aaderup. Mælingadeild Reykjavíkur.

Uppdráttur Benedikts Gröndal 1887. Minjasafn Reykjavíkur.

Uppdráttur Sveins Sveinssonar 1887. Minjasafn Reykjavíkur.

Þórbergur Þórðarson, „Lifnaðarhættir í Reykjavík á síðari helmingi 19. aldar“. *Landnám Ingólfs, II. bindi. Safn til sögu þess. Ýmsar ritgerðir*. Reykjavík 1936.

Vísir, 1. ágúst 1931.

Vefsíður

Borgarvefsjáin, <http://borgarvefsja.is/website/bvs/>.

Þjóðminjalög 107/2001, <http://www.althingi.is/lagas/nuna/2001107.ht>.

Skýrslur Minjasafns Reykjavíkur

- 105 Páll V. Bjarnason og Helga Maureen Gylfadóttir: *Húsakönnun. Snorrabraut, Grettisgata, Rauðarárstígur, Njálsgata*. Rvk. 2004.
- 106 Páll V. Bjarnason og Helga Maureen Gylfadóttir: *Húsakönnun. Ásholt, Brautarholt, Einholt, Háteigsvegur, Laugavegur, Mjólnisholt, Stakkholt, Þverholt*. Rvk. 2004.
- 107 Páll V. Bjarnason og Helga Maureen Gylfadóttir: *Húsakönnun. Austurstræti, Lækjargata, Skólalbrú, Pósthússtræti*. Rvk. 2004.
- 108 Páll V. Bjarnason og Helga Maureen Gylfadóttir: *Húsakönnun. Mæðragarðurinn og Tjörnin í Reykjavík*. Rvk. 2004.
- 109 Páll V. Bjarnason og Helga Maureen Gylfadóttir: *Húsakönnun. Framnesvegur, Holtsgata, Seljavegur, Vesturgata*. Rvk. 2004.
- 110 Páll V. Bjarnason og Helga Maureen Gylfadóttir: *Húsakönnun. Bergstaðastræti, Bjargarstígur, Grundarstígur, Óðinsgata, Spítalastígur*. Rvk. 2004.
- 111 Páll V. Bjarnason og Helga Maureen Gylfadóttir: *Húsakönnun. Hamarsgerði, Langagerði, Sogavegur, Tunguvegur*. Rvk. 2004.
- 112 Sólborg Una Pálsdóttir: *Fornleifaskráning jarðarinnar Lambhaga í Reykjavík*. Rvk. 2004.
- 113 Páll V. Bjarnason og Helga Maureen Gylfadóttir: *Húsakönnun. Snorrabraut, Hverfisgata, Rauðarárstígur, Laugavegur*. Rvk. 2004.
- 114 Páll V. Bjarnason og Drífa Kristín Þrastardóttir: *Húsakönnun. Grandavegur, Eiðsgrandi, Hringbraut, Framnesvegur*. Rvk. 2004.
- 115 Anna Lisa Guðmundsdóttir: *Fornleifaskráning jarðarinnar Gufunes og hjáleigu hennar Knútskots*. Rvk. 2004.
- 116 Anna Lisa Guðmundsdóttir: *Fornleifar í hluta Suðurgötu, Vonarstrætis og Túngötu*. Rvk. 2004.
- 117 Anna Lisa Guðmundsdóttir, Páll V. Bjarnason, Helga Maureen Gylfadóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Húsakönnun og fornleifaskráning vegna fyrirhugaðs tónlistar- og ráðstefnuhúss við Reykjavíkurbíóhöfn*. Rvk. 2005.
- 118 Sólborg Una Pálsdóttir: *Fornleifaskráning Bakka og Bakkakots á Kjalarnesi*. Rvk. 2004.
- 119 Páll V. Bjarnason og Guðfinna Ósk Erlingsdóttir: *Húsakönnun. Laufásvegur, Hringbraut, Smáragata, Njarðargata*. Rvk. 2004.
- 120 Páll V. Bjarnason og Drífa Kristín Þrastardóttir: *Húsakönnun. Holtsgata, Bræðraborgarstígur, Sólvallagata, Vesturvallagata*. Rvk. 2004.
- 121 Páll V. Bjarnason og Helga Maureen Gylfadóttir: *Húsakönnun. Þjóðleikhústreiti*. Rvk. 2004.
- 122 Páll V. Bjarnason og Guðfinna Ósk Erlingsdóttir: *Húsakönnun. Barónsstígur, Bergþórugata, Vitastígur, Njálsgata*. Rvk. 2004.
- 123 Páll V. Bjarnason og Drífa Kristín Þrastardóttir: *Húsakönnun. Verkamannabústaðirnir við Hringbraut*. Rvk. 2005.
- 124 Helga Maureen Gylfadóttir, Guðný Gerður Gunnarsdóttir og Pétur H. Ármannsson: *Húsakönnun. Ægisíða 50–98 (sléttar tölur)*. Rvk. 2005.
- 125 Helga Maureen Gylfadóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Húsakönnun. Aðalstræti, Vallarstræti, Thorvaldsensstræti, Kirkjustræti*. Rvk. 2005.
- 126 Drífa Kristín Þrastardóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Húsakönnun. Vonarstræti, Templarasund, Kirkjutorg, Skólalbrú, Lækjargata*. Rvk. 2005.
- 127 Drífa Kristín Þrastardóttir, Guðný Gerður Gunnarsdóttir og Pétur H. Ármannsson: *Húsakönnun. Grettisgata, Snorrabraut, Laugavegur, Rauðarárstígur*. Rvk. 2005.
- 128 Helga Maureen Gylfadóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Húsakönnun. Hverfisgata, Laugavegur, Rauðarárstígur, Skúlagata*. Rvk. 2005.
- 129 Helga Maureen Gylfadóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Húsakönnun. Frakkastígur, Bergþórugata, Vitastígur*. Rvk. 2006.
- 130 Anna Lisa Guðmundsdóttir: *Fornleifaskráning lóðar Háskóla Reykjavíkur. Öskjuhlíð – Nauthóll*. Rvk. 2006.
- 131 Drífa Kristín Þrastardóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Húsakönnun. Frakkastígur, Grettisgata, Vitastígur, Bergþórugata*. Rvk. 2006.
- 132 Helga Maureen Gylfadóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Húsakönnun. Austurstræti, Pósthússtræti, Hafnarstræti, Lækjargata*. Rvk. 2006.
- 133 Drífa Kristín Þrastardóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Húsakönnun. Kringlan, Listabraut, Kringlumýrarbraut, Miklabraut*. Rvk. 2006.
- 134 Helga Maureen Gylfadóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Húsakönnun. Lindargata 50 – 62*. Rvk. 2007.
- 135 Drífa Kristín Þrastardóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Húsakönnun. Seljavegur, Ananaust, Holtsgata, Vesturgata*. Rvk. 2007.
- 136 Anna Lisa Guðmundsdóttir: *Fornleifaskráning vegna tvöföldunar Suðurlandsvegur frá gatnamótum við Vesturlandsveg austur fyrir Rauðavatn*. Rvk. 2007.
- 137 Drífa Kristín Þrastardóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Húsakönnun. Skólavörðustígur, Kárástígur, Frakkastígur*. Rvk. 2007.
- 138 Helga Maureen Gylfadóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Húsakönnun. Baldursgata, Þórsgata, Njarðargata, Freyjugata*. Rvk. 2008.
- 139 Anna Lisa Guðmundsdóttir: *Mat á umhverfisáhrifum Sundabrautar 2. áfanga. Fornleifar á framkvæmdasvæðinu*. Rvk. 2008.
- 140 Drífa Kristín Þrastardóttir, Helga Maureen Gylfadóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Húsakönnun. Grimsstaðaholtið og nágrenni*. Rvk. 2008.
- 141 Anna Lisa Guðmundsdóttir: *Fornleifaskráning vegna gerðar Hallsvegar-Úlfarsfellsvegur*. Rvk. 2008.
- 142 Helga Maureen Gylfadóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Húsakönnun. Túngata, Hofsvallagata, Hávallagata, Bræðraborgarstígur*. Rvk. 2008.
- 143 Drífa Kristín Þrastardóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Húsakönnun. Urðarstígur, Njarðargata, Bergstaðastræti, Baldursgata*. Rvk. 2008.
- 144 Drífa Kristín Þrastardóttir, Helga Maureen Gylfadóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Húsakönnun. Skólavörðustígur, Njarðargata, Þórsgata, Baldursgata, Lokastígur, Týsgata*. Rvk. 2009.
- 145 Anna Lisa Guðmundsdóttir: *Fornleifaskráning Þormóðsstæða*. Rvk. 2009.
- 146 Drífa Kristín Þrastardóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Húsakönnun. Örfirisey og Grandinn*. Rvk. 2009.
- 147 Anna Lisa Guðmundsdóttir: *Fornleifaskráning. Örfirisey og Grandinn*. Rvk. 2009.
- 148 Helga Maureen Gylfadóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Húsakönnun. Samtún, Nátún, Miðtún, Hátún, Höfðatún*. Rvk. 2009.
- 149 Guðfinna Ósk Erlingsdóttir og Bragi Bergsson: *Húsakönnun. Hagamelur, Hofsvallagata, Hringbraut, Furumelur*. Rvk. 2009.
- 150 Drífa Kristín Þrastardóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Húsakönnun. Laugarnesvegur, Sundlaugavegur, Laugalækur, Hrisateigur, Otrateigur*. Rvk. 2009.
- 151 Helga Maureen Gylfadóttir, Drífa Kristín Þrastardóttir, Pétur H. Ármannsson: *Húsakönnun. Vogahverfi*. Rvk. 2010.
- 152 Anna Lisa Guðmundsdóttir: *Fornleifaskráning vegna tvöföldunar Suðurlandsvegur frá gatnamótum við Vesturlandsveg austur að Hólmsá*. Rvk. 2010.
- 153 Margrét Björk Magnúsdóttir: *Fornleifaskráning jarðarinnar Ártúns á Kjalarnesi*. Rvk. 2010.
- 154 Drífa Kristín Þrastardóttir, Helga Maureen Gylfadóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Húsakönnun. Vesturvallagata, Sólvallagata, Framnesvegur, Holtsgata*. Reykjavík 2010.
- 155 Anna Lisa Guðmundsdóttir: *Fornleifaskráning Landspítalalóðar*. Reykjavík 2011.